

Hverfisráð Öxarfjarðar

9. fundur

19. febrúar 2019 kl. 19:30

Skerjakollu Kópaskeri

Mætt voru:

Conny Spandau, Elvar Már Stefánsson, Guðmundur Magnússon, Inga Sigurðardóttir og Kristín Eva Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ungmennafélög við Öxarfjörð

Erindi frá Aðalsteini Erni Snæþórssyni formanni Á íbúafundi í Kelduhverfi: „Þann 10. janúar s.l. var rætt um stöðu ungmennafélaganna hér við Öxarfjörð þ.e. Leif heppna, Öxfirðinga og Snört. Mest líf virðist vera í Leifi heppna sem er eina félagið sem staðið hefur fyrir viðburðum á svæðinu og skilar starfsskýrslum. Almenn sátt var á fundinum um að athugað yrði með sameiningu félaganna eða stofnun nýs félags sem næði yfir starfssvæði hinna þriggja í þeirri von að það góða starf sem ungmennafélögin hafa sinnt í gegn um árin haldi áfram. Þar sem óljóst er hverjir eru í forsvari fyrir Ungmennafélag Öxfirðinga og Ungmennafélagið Snört óskum við eftir því að hverfisráð Öxarfjarðar kanni stöðu þessara félaga og áhuga þeirra á sameiningu eða stofnun nýs ungmennafélags.”

Hverfisráð Öxarfjarðar tekur vel í að skoðaðir verði möguleikar á að efla starf þessara félaga. Rætt um að hægt væri að stofna nýtt félag með nýju nafni og þau eldri lögð í dvala eða þau lögð niður. Málinu vísað til frekari umræðu á íbúafundi.

2. Snjómokstur

Fyrirspurnir hafa borist um snjómokstur í dreifbýli í Öxarfirði, Vísað til frekari umræðu á íbúafundi.

3. Íbúafundur framundan

Boðað hefur verið til íbúafundar 21. febrúar kl. 20:00 í skólahúsinu á Kópaskeri. Jón Ármann Gíslason hefur samþykkt að taka að sér fundarstjórn.


Dagskrá:



- Kynning á starfi Hverfisráðs.
- Charlotta Englund: Kynning á „Öxarfjörður í sókn.”
- Silja Jóhannesdóttir formaður Formaður Skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurljós kemur á fundinn með erindi.
- Kosning í undirbúningshóp vegna sólstöðuhátíðar 2019
- Umræður

4. Önnur Mál

Ákveðið að óska eftir því að hverfisráðið fái fund með byggðaráði þar sem bæði aðalmenn og varamenn sitji fundinn.

Fundi slitið kl. 20:50


Conny Spandau


Elvar Már Stefánsson

Kristín Eva Benediktsdóttir